

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/92	19.11.92	Starfsreglur nefndarinnar	19.11.92
2/92	19.11.92	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	19.11.92
3/92	19.11.92	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	19.11.92
4/92	19.11.92	Breyting á II. viðauka varðandi sjávarafurðir	19.11.92
1/93	22./23.11.93	Ríkisaðstoð – Reglur að því er varðar framkvæmd á 4. mgr. 18. gr.	23.11.93
2/93	22./23.11.93	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum við samninginn	23.11.93

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ungverjalands tók á árunum 1993 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	20.12.93	Starfsreglur nefndarinnar	20.12.93
2/93	20.12.93	Ríki sem eiga áheyrnaraðild	20.12.93
3/93	20.12.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	20.12.93
4/93	20.12.93	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	20.12.93
5/93	20.12.93	Leiðrétting tæknilegra villna í viðaukum og bókunum samningsins	20.12.93
6/93	20.12.93	Breyting á bókun A	20.12.93
7/93	20.12.93	Breyting á II. viðauka varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir	20.12.93
8/93	20.12.93	Breyting á XIV. viðauka	20.12.93
1/95	26.04.95	Breyting á bókun A	26.04.95
2/95	26.04.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95
3/95	26.04.95	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	26.04.95
4/95	26.04.95	Breyting á VIII. viðauka	26.04.95
5/95	26.04.95	Breyting á XI. viðauka	26.04.95
6/95	26.04.95	Breyting á VII. viðauka	26.04.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992 öðlaðist gildi 1. september 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 54/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir við Rúmeníu.

Hinn 10. desember 1992 fóru fram erindaskipti milli Íslands og Rúmeníu um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir. Fyrirkomulagið öðlaðist gildi 1. júní 1994.

Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að því.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um Marakess-samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hinn 30. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra samningsaðila hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1947 afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Marakess-samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Alþingi hafði með ályktun 29. desember 1994 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.